

Mál nr. 258/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Smábátatrygging. Slysatrygging sjómanna.

Frávísun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. júlí 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. október 2025 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M dags. 22. október 2025.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. október 2025.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 23. október 2025.
7. Viðbótarathugasemdir M dags. 31. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
8. Viðbótarathugasemdir M dags. 14. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
9. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. nóvember 2025.
10. Viðbótarathugasemdir V dags. 19. nóvember 2025.
11. Viðbótarathugasemdir V dags. 20. nóvember 2025.
12. Viðbótarathugasemdir M dags. 3. desember ásamt fylgiskjölum.
13. Viðbótarathugasemdir M dags. 8. desember 2025.
14. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
15. Bréf V dags. 17. desember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. maí 2025, strandaði báturinn A hjá litlu Hólmsvör hinn 21. maí 2025. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni fór björgunarsveit daginn eftir og dró bátinn í Njarðvíkurhöfn en til stóð að hífa hann upp úr höfninni daginn eftir það. Af gögnum má ráða að M hafi verið einn um borð og að A sé í eigu félags í eigu M en ekki M persónulega. Hinn 5. júní 2025 var M boðaður í skýrslutöku hjá lögreglu vegna mögulegs brots á 238. gr. siglingalaga. V greiddi bætur vegna altjóns á A til samræmis við váttryggingarfjárhæð í skírteini hinn 16. júní 2025.

Í upphaflegu málskoti M, sem hann setur fram fyrir sína hönd og þess félags sem átti A á tjónsdegi, kemur fram að verulegar skemmdir hafi orðið á A við björgunaraðgerðirnar og hafi flakið þar með orðið ónýtt. Aðgerðir V sjálfs hafi því leitt til þess að flakið sé verðlaust. Þar sem um altjón hafi verið að ræða telji M að V hafi borið að taka við flakinu enda sé kveðið á um það í viðeigandi skilmálum að við slíkar aðstæður flytjist eignarréttur hins tryggða hlutar yfir til V. Mikill kostnaður sé því samfara að taka við flakinu og verði M eða félagið sem á A að taka við flakinu feli það því í sér aukið fjárhagslegt tjón.

Í bréfi M til V dags. 13. júní 2025, er að finna nánari umfjöllun hans um það hvernig V hafi þrýst á hann að taka við bótagreiðslu gegn því skilyrði að honum yrði sjálfum gert að taka við flakinu sem hafi ekkert virði og V hefði með réttu átt að taka við. Hafi þetta falið í sér beitingu fjárhagslegrar nauðungar.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 16. október 2025 er því mótmælt að V beri skylda til þess að yfirtaka flak eða leifar hins tryggða hlutar eftir altjón. Hafi það tjón M sem váttryggingin taki til verið að fullu bætt. Er því þá hafnað að M hafi verið beittur ólögumatri nauðung eða að ólögumatri skilyrði hafi verið sett fyrir bótagreiðslum. Hafi orðið skemmdir á flaki A við björgun þess, en það hvíli á M að sanna það, sé þá um sjálfstætt tjónsatvik að ræða sem tilheyri ekki því tjóni sem V hafi greitt bætur vegna.

Í viðbótarathugasemdum M dags. 22. október 2025, er tekið fram að það hafi m.a. aukið á tjón A að V hafi neitað að greiða fyrir yfirvinnu til að bjarga A utan dagvinnutíma heldur hafi hann verið látinn sökkva við Njarðvíkurhöfn yfir nótt. V hafi því haft raunverulegt tækifæri til að takmarka tjónið en kosið að gera það ekki. Er þá áréttað að málsmeðferð V hafi verið óeðlileg, tafir hafi orðið á afgreiðslu málsins og útgreiðslu bóta auk þess sem bótagreiðsla hafi verið bundin því óeðlilega skilyrði að M tæki við flakinu. V ætti að hafa undir höndum upptökur símtala þar sem þessi skilyrðing komi fram.

Í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 22. október 2025 biður M nefndina um að óska formlega eftir nefndum upptökum.

Í bréfi M til nefndarinnar dags. 23. október 2025 kemur m.a. fram að V hafi greitt fyrir og stýrt björgunaraðgerðir og beri því ábyrgð á þeim.

Í bréfi M til nefndarinnar dags. 31. október kemur fram að M hafi borist erindi frá V þar sem krafist var endurgreiðslu þeirra bóta sem greiddar höfðu verið vegna tjóns á A. Við útgreiðslu þeirra hafi ekki legið fyrir að veð hvíldi á bátnum og hafi ekki verið haft samráð við veðhafa við uppgjörið. Í erindi M til nefndarinnar kemur fram að hann telji þessa kröfu í andstöðu við lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga hvað varði form og efni og um sé að ræða tilraun til að varpa ábyrgð á mistökum V yfir á M. Þá hafi engin gögn verið lögð fram til sönnunar meintri veðsetningu. Fyrirliggjandi eru þá samskipti M við þáverandi lögmennt sína þar sem er nánar fjallað um samskipti M við lánveitanda sinn.

Í bréfi M til nefndarinnar dags. 14. nóvember 2025, kemur fram að félaginu sem átt hafi A, hafi borist bréf frá V þess efnis að grunur væri uppi um að tjónsatvikinu hafi verið valdið af ásetningi í því skyni að fá ranglega greiddar bætur, þ.e. að um tryggingasvik væri að ræða. V hafi engin rök eða gögn lagt fram fyrir þessari ásökun og fer M fram á að nefndin taki þetta atriði til skoðunar við úrlausn málsins.

Við meðferð málsins óskaði V tvívegis eftir fresti í þeim tilgangi að hlusta á hljóðupptökur símtala. Í bréfi V til nefndarinnar dags. 19. nóvember 2025 segir að í umræddum símtölum komi ekkert fram að er bendi til þess að V hafi beitt óeðlilegum þrýstingi við uppgjör málsins. Engin frekari lýsing á efni umræddra símtala, útskrift þeirra eða upptökur eru þó meðfylgjandi bréfi V.

Í bréfi V er jafnframt vísað til þess að bréf V til M, þar sem fram komi að uppi sé „grunur“ um ásetning, en slíkt orðalag feli í sér að málið sé enn til skoðunar og endanleg afstaða liggja ekki fyrir, hafi verið sent á grundvelli 94. gr. laga um váttryggingarsamninga enda hafi M tilkynnt um líkamstjón í tengslum við tjónsatvikið.

Í bréfi V til nefndarinnar, sem einnig er dags. 19. nóvember 2025, er því hafnað sem ósönnuðu að V hafi neitað að greiða vegna yfirvinnu til að hefja björgun utan dagvinnutíma. Jafnvel þó svo hafi verið hvíli tjónstakmörkunarskylda á tjónþola.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 20. nóvember 2025 er tekið fram að „sé þess óskað geta hlutaðeigandi fengið aðgang að umræddum símtölum“ með fyrirvara um samþykki persónuverndarfulltrúa og að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í bréfi M til nefndarinnar dags. 3. desember 2025 kemur fram að bótaskyldu úr slysatryggingu sjómanna hafi verið hafnað með bréfi V dags. sama dag á grundvelli þess að tetrahýdrókannabínól hefði mælst í blóði M, þ.e. hann hafi verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við stjórn A. Í því bréfi kom fram að fyrir mistök hafi bótaskylda verið samþykkt hinn 22. september 2025 en hún dregin til baka 4. nóvember 2025. Að mati V lægi nú fyrir að M hefði, vegna áhrifa ávana- og fíkniefna auk annarra yfirsjóna og vanrækslu í starfi, orðið valdur að strandi A.

Í bréfi M til nefndarinnar dags. 8. desember 2025 hafnar M því að hann hafi ekki verið í ástandi til að stýra A enda sýni niðurstaða blóðsýnatöku aðeins fram á leifar af THC en ekki áhrif þess og hafi V ekki sýnt fram á nein orsakatengsl milli þess og strandsins. Orsök slyssins megi hins vegar rekja til bilunar í samskiptakerfum A. Áréttar M þá að engin gögn liggja fyrir um virkt veð í A og sé óeðlilegt að V sé með endurkröfu sína í innheimtuferli meðan ágreiningur aðila sé fyrir nefndinni. Gerir hann þá athugasemdir við að V hafi ekki svarað röksemdum hans efnislega.

Samskiptum M við nefndina á þessum tíma fylgdu lögregluskýrsla og ljósmyndaskýrsla lögreglu, sem hann sendi nefndinni 12. desember 2025 auk tölvupóstar V til þáverandi lögmanns M dags. 3. desember 2025. Þar kemur fram að meðfylgjandi sé „afstaða V til bótaskyldu vegna húftryggingar A og krafa um endurgreiðslu bóta sem félagið hafði áður greitt vegna málsins.“ Í fyrirliggjandi bréfi V til þáverandi lögmanns M sem einnig er dags. 3. desember 2025 er hins vegar aðeins fjallað um persónulega kröfu M úr slysatryggingu sjómanna.

Í bréfi V til nefndarinnar dags. 17. desember 2025 segir að V geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Álit.

Gera verður athugasemdir við málatilbúnað og gagnaframlagningu beggja aðila fyrir nefndinni. Nefndinni er ætlað að vera skilvirkt og skjótvirkt úrræði við úrlausn ágreinings en svo hún geti þjónað

þeim tilgangi sínum er mikilvægt að gögn séu sett fram á skýran og skipulegan hátt en ekki í mýmörgum bútum eins og hér er raunin og gagnalisti þessa máls ber með sér. Er þá vert að benda á það að með gögnum sem bárust frá M hinn 3. desember 2025, 8. desember 2025 og 12. desember 2025 virðist ágreiningur aðila hafa breyst í grundvallaratriðum en þrátt fyrir það taldi V ekki tilefni til sérstakra viðbótarathugasemda eða röksemdafærslu fyrir nefndinni. Verður það að teljast sérlega athugasvert, sér í lagi þar sem ágreiningur aðila virtist þá snúa að tveimur vátryggingum, en ekki aðeins smábátatryggingu og rökstuðningur V fyrir höfnun bótaskyldu var annar en áður, þó óljóst sé hvort hann eigi við um báðar kröfurnar. Má því ætla að V hefði mátt sjá þörf á því að koma athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. Er gagnaframlagningu V þá nokkuð ábótavant, en t.a.m. liggja ekki fyrir þeir skilmálar smábátatryggingar sem í gildi voru á tjónsdegi né tjónstilkynningar í málinu. Virðist þá nokkuð skorta á framlagningu annarra gagna, s.s. bréfaskipta V við þáverandi lögmann M.

Virðist þó liggja fyrir að V hefur hafnað bótaskyldu, eða í öllu falli frekari bótaskyldu, og eftir atvikum krafist endurgreiðslu bóta, úr smábátatryggingu A sem eigandi A var með í gildi hjá V á tjónsdegi. Þá liggur fyrir að V hefur hafnað bótaskyldu vegna kröfu M sjálfs úr slysatryggingu sjómanna. M gerir í málflutningi sínum fyrir nefndinni ekki skýran greinarmun milli þess um hvora vátrygginguna er að ræða og þá er aðild að málinu nokkuð óljós af hans hálfu þar sem ekki virðast skýr skil milli hans sjálfs og þess félags sem á tjónsdegi var eigandi A. Almennt verður að gera skýran greinarmun á skaðatryggingu eiganda báts sem nýttur er í atvinnuskyni annars vegar og slysatryggingu skipverja á bátnum hins vegar. Verður alla jafna ekki leyst úr slíkum ágreiningsmálum í einum og sama úrskurði nefndarinnar enda tveir ólíkir aðilar sem telja sig eiga kröfu um bætur sem byggja á sitt hvorum grundvelli. Í þessu tilviki og eins og málartilbúnaði M er háttað er ekki auðvelt að greina á milli röksemda M eftir því um hvora kröfuna er að ræða.

Raunar má ráða af málflutningi V að það geri heldur ekki skýran greinarmun á því hvort og hvenær um er að ræða persónuna M annars vegar og hins vegar félagið sem var eigandi A. Er því örðugt að átta sig á því hvaða röksemdum er ætlað að eiga við um hvaða ágreining.

Í málartilbúnaði sínum lýsir M ýmsum samskiptum sínum og V í tengslum við bótauppgjör úr smábátatryggingu A og virðist sem M og V hafi átt í nokkrum samskiptum vegna þess uppgjörs eftir að bréf V barst nefndinni 16. október 2025. Af málflutningi M má ráða að þá hafi komið fram nýjar röksemdir V fyrir afgreiðslu þess á málinu. Fyrir nefndinni er hins vegar óljóst hvar þessi ágreiningur stendur nú og hvaða röksemdum aðilar byggja á.

Eins og gagnaframlagningu þessa máls er háttað treystir nefndin sér samkvæmt framangreindu ekki til að skilgreina nákvæmlega í hverju yfirstandandi ágreiningur aðila er fólginn, þ.e. hvaða forsendum er byggt á af hálfu V fyrir höfnun á kröfum M eða eftir atvikum eiganda A. Við slíkar aðstæður er illmögulegt að úrskurða í málinu.

Verður máli þessu því vísað frá nefndinni á grundvelli g.-liðar 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Rétt er að benda á að unnt er að leggja ágreininginn fyrir nefndina að nýju, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykktanna, verði kröfugerð skýrð, málflutningi hagað með skipulegri hætti og skýr greinarmunur gerður milli þeirra aðila og vátrygginga sem ágreiningur snýr að. Komi til þess að M eða eigandi A kjósi að gera það er V þá jafnframt eindregið hvatt til að bæta úr þeim annmörkum sem hér hefur verið lýst á málartilbúnaði þess fyrir nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Unnt er að leggja ágreininginn fyrir nefndina að nýju verði bætt úr þeim annmörkum er leiða til frávísunar þess.

Reykjavík, 7. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir